

Alþingi - nefndasvið
b.t. fjárlaganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Norðurlandi vestra 15. júní 2016.

Efni: Umsögn stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) um tillögur til þingsályktunar um fjármálaáætlun og fjármálastefnu fyrir árin 2017-2021. Mál nr. 740 og 741.

Samtök sveitarfélaga á norðurlandi vestra (SSNV) fagna framlagningu tillagnanna. Löngu er tímabært að áætlanir ríkissjóðs bæði, útgjalda og tekjuhlíð, taki til lengri tíma en eins árs í senn, rétt eins og áætlanir sveitarfélaga. Hér er fyrsta skrefið stigið í þeirri viðleitni að áætlanir stjórnvalda þegar kemur að fjármálum verði fyrirsjáanlegri og að ríkisstjórnir á hverjum tíma gefi strax í upphafi valdatíðar sinnar tóninn um það hvert þær vilja stefna með fjármál ríkisins sbr. lög nr. 123/2015 um opinber fjármál.

Stjórn SSVN tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 26. maí 2016 um tillögurnar enda hafa flest málefnasvið bein eða óbein áhrif á sveitarfélögin. Stjórn SSVN vill þó koma eftirfarandi tilmælum á framfæri.

Í samgönguáætlun 2015-2018 sbr. þingskjal 1061 mál nr. 638 er einungis gert ráð fyrir að um 50 milljónum verði varið til stofn- og tengivega á Norðurlandi vestra eða um 0,0028% af þeim tæplega 18 milljörðum sem veita á samkvæmt áætluninni til stofn- og tengivega á landinu. Á slíka skiptingu verður ekki fallist enda hefur álag á vegakerfið á Norðurlandi vestra aukist mjög á undanförunum árum. Viðhaldi vega er einnig mjög ábótavant í landshlutanum. Veruleg þörf er á auknu fjármagni í þennan málaflokk í landshlutanum.

Stjórn SSVN fagnar nýjum lögum um byggða- og sóknaráætlanir og þeirri meginstefnu að landsmenn skuli hafa jöfn tækifæri á sem flestum sviðum án tillits til búsetu. Mikilvægt er að mótuð verði stefna um það hvaða þjónustu er unnt að veita öllum íbúum landsins í heimabyggð og hvaða þjónustu er ekki mögulegt, af einhverjum ástæðum að veita í heimabyggð. Dæmi um þjónustu sem auðvelt ætti að vera að veita öllum landsmönnum án tillits til búsetu er menntun. Það er óþolandi með öllu að íbúar landsbyggðarinnar sem kjósa að afla sér æðri menntunar skuli þurfa að flytjast búferlum til þess að það sé mögulegt. Með nútímataekni er í raun hægt að kenna nánast allt í fjarnámi. Líklega væri það ein áhrifaríkasta byggðaaðgerð sem völ er á, til lengri tíma litið, ef Háskóla Íslands yrði gert skylt að kenna nánast allar greinar í fjarnámi. Grunnforsenda þess að svo megi verða er að allir landsmenn hafi aðgang að góðu netsambandi. Stjórn SSVN fagnar þeim áherslum sem lagaðar hafa verið með verkefninu Ísland ljóstengt og því metnaðarfulla markmiði að koma öllu landinu í gott netsamband á árinu 2020 og hvetur til þess að auknir fjármunir verði lagðir til verkefnisins svo að tímaáætlun þess standist. Jafnframt hvetur stjórn SSVN til þess að Háskóla Íslands verði gert skylt og kleift að þjóna öllum landsmönnum hvar sem þeir eiga heima.



Stjórn SSNV fagnar því að auknu fjármagni skuli varið til byggðamála og sóknaráætlana en bendir jafnframt á að jafna þarf aðstöðu fólks og fyrirtækja ekki sýst með tilliti til þess hvaða möguleika þessir aðilar hafa til að nýta þjónustu opinberra aðila og hvaða kostnað þeir bera af því að leita þjónustunnar. Staðreyndin er sú að það er í langflestum tilfellum dýrara fyrir fólk og fyrirtæki á landsbyggðinni að nýta þá þjónustu sem veitt er af ríkinu og kostuð af skattfé, þess vegna þarf að skoða það alvarlega að jafna þann mismun í gegnum skattkerfið. Sem dæmi má nefna að engin fæðingarþjónusta er á Norðurlandi vestra og verða flestir íbúar Norðurlands vestra að leita heilbrigðisþjónustu í annan landshluta af og til.

Stjórn SSNV leggur áherslu á að sveitarfélögum verði tryggðar auknar tekjur vegna vaxandi útgjalda þeirra vegna fjölgunar ferðamanna. Auk þess að tryggt verði fjármagn til að mæta auknu álagi á innviði s.s. löggæslu og heilbrigðisþjónustu og ekki sýst vegakerfið.

Stjórn SSNV tekur undir áhyggjur þær er koma fram í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um almenningssamgöngur. Tryggja þarf aðgang landsmanna að almenningssamgöngum en bent er á að samningar ríkisins og landshlutasamtaka renna út í árslok 2018. Til þess að verkefnið geti haldið áfram er mikilvægt að fjármögnun verkefnisins verði betur tryggð en raunin hefur verið til þessa og að nýtt frumvarp um farþegaflutninga á landi líti dagsins ljós. Mikilvægt er að stefna ríkisvaldsins sé skýr og að henni sé fylgt eftir á þann hátt að friður geti verið um þetta mikilvæga verkefni.

Stjórn SSNV ætlast til þess að hluta af þeim auknu fjármunum sem áætlað er að leggja til heilbrigðismála verði varið til að efla þær einingar heilbrigðiskerfisins sem staðsettar eru á Norðurlandi vestra. Með auknum straumi ferðamanna hefur álag á þessar stofnanir stóruaukist enda magfaldast fjöldi þeirra sem „gista“ Norðurland vestra yfir ferðamannatímann.

Sem fyrr segir fagnar stjórn SSNV þingsályktunartillögum og þeirri breytingu sem orðin er á áætlanagerð fjármála ríkisins og styður þær heilshugar að því gefnu að Alþingi að koma til móts við þær ábendingar sem að framan eru raktar.

Virðingarfyllst,
f. h. stjórnar SSNV

Björn Línal Traustason,
framkvæmdastjóri